



FÍKÍ - Félag Ítölskukennara á Íslandi
AIDI - Associazione Islandese Docenti d'Italiano

Fyrsta FÍKÍ samkeppni á sviði ítalskrar tungu og menningar

Síðasti skiladagur: 7. Maí 2013

Verðlaunafhending: 2. Júní 2013

Félag ítölskukennara á Íslandi efnir til samkeppni á sviði ítalskrar tungu og menningar sem opin er öllum þeim sem hafa áhuga á ítalskri tungu og menningu og á sögulegum samskiptum Ítalíu og Íslands. Þátttakendur geta hvort heldur sem er verið einstaklingar eða hópar (skólar, félagasamtök) án aldurstakmarkanna, þjóðernis- eða atvinnutakmarkanna. Samkeppnin skiptist í þrjú svið: skapandi skrif, sjónlist og sagnfræði- og vísindarannsóknir.

Svið I – Skapandi skrif: Undir þetta svið heyrir hvers kyns texti á ítölsku (ef textinn er ekki á opinberri ítölsku (t.d. svokallaðri mállísku) skal skila inn þýðingu á opinberri ítölsku) þar sem þemað er Ítalía eða samskipti Ítalíu við Ísland: ljóð, smásögur, skáldsögur, þýðingar, leikverk o.s.fr.

Svið II - Sjónlist: Undir þetta svið heyrir hvers kyns sjónræn listsköpun (teikning, málverk, skúlptúr, teiknimyndasaga, innsetning, ljósmyndum, veggjalist, stuttmyndir, kvikmyndir, video-list osfr.) sem tengist á einhvern hátt samskiptum við Ítalíu og ítalska menningu, félagslegum eða tungumálalegum tengslum í nútíð eða fortíð og samskiptum við Íslands.

Svið III - sagnfræði- og vísindarannsóknir: Undir þetta svið heyrir hvers kyns sagnfræðilegt eða vísindalegt efni (rannsókn, ritgerð, heimildavinna, grein, skjal, þýðing osfr.) sem tengist á einhvern hátt samskiptum við Ítalíu og ítalska menningu, félagslegum eða tungumálalegum tengslum í nútíð eða fortíð. Á þessu sviði má senda inn efni sem tengist sagnfræðilegum tengslum Ítalíu og Íslands (t.d. ítölsk orð innan íslenskrar tungu, saga viðskiptatengsla, gagnkvæm áhrif, samskipti ferðamanna), birting og greining útgefina heimilda (beinna og óbeinna) sem nýst geta við greiningu á samskiptum landanna tveggja.

Reglur

Leyfilegt er að senda inn fleiri en eitt verk, þó ekki fleiri en þrjú. Besta innsenda efnið á hverju sviði hlýtur verðlaun. Verðlaunin verða af ýmsu tagi: bækur, kennslufni ýmiss konar, styrkir til náms vegna ítölskunámskeiða á Íslandi og á Ítalíu. Dómnefnd munu skipa sérfræðingar á ofangreindum sviðum, bæði ítalskir og íslenskir. Innsent efni þarf að vera í þríriti (vegna listaverka nægir að senda inn lýsingu auk ljósmynda, í lit ef mögulegt er, læsilegt og minnst í stærð A5) í tölvupósti eða bréfaþósti á eftirfarandi heimilisfang:

Félag Ítölskukennara á Íslandi

(Hulda Hlín Magnúsdóttir)

Reynimel 84 - 107 Reykjavík

Email: huldalin@live.com; S. 8987701

Efni þarf að berast dómnefnd fyrir miðnætti þann 7. maí 2013. Dómnefndin heldur eftir innsendu efni en ef þess er óskað eru gögn endursend þátttakanda. Þátttaka í samkeppninni er ókeypis. Verðlaunafhending fer fram í Reykjavík þann 2. Júní 2013, á þjóðhátidardegi Lýðveldisins Ítalíu.

Verkin skulu eingöngu send inn af höfundum sem með þátttöku sinni í samkeppninni lýsir yfir og tryggir að hann eigi höfundarrétt að verkinu sjálfur, að verkið brjóti ekki í bága við réttindi þriðja aðila og brjóti engin gildandi lög, og að hann eigi siðferðilegan rétt og eignarétt höfundar. Í öllu falli tekur höfundur alla ábyrgð af herðum samtakanna sem og kostnað og gjöld hvers kyns sem greiða ætti vegna innihalds verkanna. Félag ítölskukennara á Íslandi áskilur sér þann rétt að koma á, ef við á, breytingum á stað, dagsetningum og tímasetningu verðlaunafhendingar sem og að fella samkeppnina niður.

Nánari upplýsingar og breytingar á eftirfarandi slóð: <http://aidi-fiki.yolasite.com/>